



Hólmfríður Sigurðardóttir (1617-1692)

Hólmfríður fæddist 9. janúar 1617 að Hróarsholti í Flóa. Foreldrar Hólmfríðar voru Sigurður yngri Oddsson (1595-1617) og Þórunn ríka Jónsdóttir (1594-1673). Foreldrar Sigurðar voru Oddur Einarsson Skálholtsbiskup (1559-1630) og Helga Jónsdóttir biskupsfrú (1567-1662). Sigurður druknaði í Ölfusá skömmu eftir að Hólmfríður fæddist. Seinni maður Þórunnar var Magnús Arason, sýslumaður á Reykhólum. Magnús var sonur Ara í Ögri og Kristínar Guðbrandsdóttur biskups.

Upphaf 17. aldar einkenndist af harðindum – og var veturinn 1602 kallaður Píningsvetur. Jón lærði Guðmundsson skrifaði um veðráttuna í riti sínu Um Íslands aðskiljanlegar náttúrur, JS 401 XI 4to: „Um hafskrímsl skrifa ég ekki, því eg hef ekki af þeim lesið margt en allmörg séð, þar til þau hurfu frá oss fellirs vetur hinn mikla, sem var Anno 1602“. Sögur segja að þann vetur hafi verið í Skálholti aðsókn „af fátæku umferðar og uppflosnuðu fólki úr öllum áttum“. Helga biskupsfrú, föðuramma Hólmfríðar, á þá að hafa látið brjóta steinbogann yfir Brúará svo förufólk kæmist síður að staðnum. Oddi biskupi mun hafa fallið þetta illa.

Eftirmaður Odds á biskupsstóli var sonur hans, Gísli, föðurbróðir Hólmfríðar. Eftirmaður hans var Brynjólfur Sveinsson, en hann var þremmenningur við Helgu biskupsfrú. Helga og Kristín Guðbrandsdóttir, tengdamóðir Hólmfríðar, voru systradætur.

Annar föðurbróðir Hólmfríðar var Árni Oddsson lögmaður. Hann var við erfðahyllinguna á Kópavogspingi 1662. Til er í handritasafni (JS 64 fol) seðill með hendi Árna Magnússonar, þar sem segir: „Á Kópavogi, þá arfhyllingareidarnir áttu að takast, vildi Árni lögmaður (þá gamall orðinn) ei í fyrstu leiðast þar til, stóð þar so einn dag eða þar um, að hann stóð streittur þar við, tandem minis cessit lacrymans [lét að lokum grátandi undan ógnunum] og sór so með öðrum.“



Síður úr Lbs 1528 8vo. Handritið er með líkraðu, lífshistoríu og erflijóði um Hólmfríði.


17. öldin í handritasafni

- fjögurra alda minning

Hólmfríðar Sigurðardóttur (1617-1692)

Á handritasafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns eru geymd fleiri þúsundir handrita. Elstu blöðin eru frá því um 1100 og svo sífellt fleiri á hverri öld fram á okkar daga. Þessari sýningu er ætlað að varpa ljósi á hlut 17. aldarinnar í safnkostinum en handrit frá þeim tíma telja á fimmta hundrað. Þar er og verður um ókomin ár óplægður akur fyrir fræðimenn sem vilja rannsaka sögu þessarar heillandi aldar. Á sýningunni er 17. öldin skoðuð í spegli einnar persónu, Hólmfríðar Sigurðardóttur prófastsfrúr í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi. Sýnd er ætt hennar og afkomendur og hvernig lesa má sögu valda og auðs, menningarlegs og veraldlegs, í ævisögu hennar.

Lbs 1 fol	Lbs 317 fol	Lbs 120 4to	Lbs 791 4to	Lbs 1248 4to	Lbs 3531 4to	Lbs 795 8vo	Lbs 2027 8vo	JS 6 4to	JS 360 4to	JS fragm. 9	ÍB 255 4to	ÍB 246 8vo	ÍB 744 8vo
Lbs 2 fol	Lbs 325 fol	Lbs 156 4to	Lbs 799 4to	Lbs 1250 4to	Lbs 3920 4to	Lbs 915 8vo	Lbs 2261 8vo	JS 7 4to	JS 380 4to	ÍB 34 fol	ÍB 263 4to	ÍB 278 b 8vo	ÍB 753 8vo
Lbs 6 fol	Lbs 336 fol	Lbs 157 4to	Lbs 803 4to	Lbs 1281 4to	Lbs 4613 4to	Lbs 956 8vo	Lbs 2293 8vo	JS 15 4to	JS 398 4to	ÍB 36 fol	ÍB 269 4to	ÍB 283 8vo	ÍB 797 8vo
Lbs 7 fol	Lbs 350 fol	Lbs 171 4to	Lbs 810 4to	Lbs 1319 4to	Lbs 4824 4to	Lbs 957 8vo	Lbs 2577 8vo	JS 43 4to	JS 478 4to	ÍB 46 fol	ÍB 284 8vo	ÍB 284 8vo	ÍB 799 8vo
Lbs 8 fol	Lbs 370 fol	Lbs 179 4to	Lbs 812 4to	Lbs 1323 4to	Lbs 14 8vo	Lbs 1027 8vo	Lbs 2579 8vo	JS 77 4to	JS 542 4to	ÍB 51 fol	ÍB 281 4to	ÍB 307 8vo	ÍB 815-816 8vo
Lbs 10 fol	Lbs 383 fol	Lbs 233 4to	Lbs 817 4to	Lbs 1338 8vo	Lbs 51 a-b 8vo	Lbs 1071 8vo	Lbs 2662 8vo	JS 143 4to	JS 566-569 4to	ÍB 52 fol	ÍB 294 4to	ÍB 309 8vo	ÍB 853 8vo
Lbs 32 fol	Lbs 456 fol	Lbs 244 4to	Lbs 832 4to	Lbs 1342 4to	Lbs 70 8vo	Lbs 1145 8vo	Lbs 2796 8vo	JS 147 4to	JS 583 4to	ÍB 77 fol	ÍB 315 4to	ÍB 309 8vo	ÍB 888 8vo
Lbs 35 fol	Lbs 457 fol	Lbs 277 4to	Lbs 834 4to	Lbs 1407 4to	Lbs 93 8vo	Lbs 1182 8vo	Lbs 2835 8vo	JS 148 4to	JS 587-582 4to	ÍB 42 4to	ÍB 321 4to	ÍB 339 8vo	ÍB 903 8vo
Lbs 36 fol	Lbs 487 fol	Lbs 343 4to	Lbs 837 4to	Lbs 1421 4to	Lbs 143 8vo	Lbs 1192 8vo	Lbs 2887 8vo	JS 149 4to	JS 602 4to	ÍB 45 4to	ÍB 355 4to	ÍB 349 8vo	ÍB 904 8vo
Lbs 40 fol	Lbs 675 fol	Lbs 346 4to	Lbs 838 4to	Lbs 1426 4to	Lbs 153 8vo	Lbs 1194 8vo	Lbs 2948 8vo	JS 150 4to	JS 614 4to	ÍB 48 4to	ÍB 356 4to	ÍB 352 8vo	ÍB 947 8vo
Lbs 42 fol	Lbs 39 4to	Lbs 347 4to	Lbs 847 4to	Lbs 1463 4to	Lbs 196-167 8vo	Lbs 1206 8vo	Lbs 3006 8vo	JS 153 4to	JS 623-641 4to	ÍB 63 4to	ÍB 369 4to	ÍB 353 8vo	ÍB 962 8vo
Lbs 53 8vo	Lbs 40 4to	Lbs 350 4to	Lbs 861 4to	Lbs 1479 4to	Lbs 325 8vo	Lbs 1262 8vo	Lbs 3443 8vo	JS 156 4to	JS 2 8vo	ÍB 65 4to	ÍB 395 4to	ÍB 354 8vo	ÍBR 5-6 fol
Lbs 85 fol	Lbs 43 4to	Lbs 391 4to	Lbs 867 4to	Lbs 1516 4to	Lbs 364 8vo	Lbs 1266 8vo	Lbs 3998 8vo	JS 159 4to	JS 6 8vo	ÍB 66 4to	ÍB 465 4to	ÍB 354 8vo	ÍBR 1 4to
Lbs 88 fol	Lbs 48 4to	Lbs 399 4to	Lbs 869 4to	Lbs 1529 4to	Lbs 397 8vo	Lbs 1267 8vo	Lbs fragm 12	JS 164 4to	JS 64 8vo	ÍB 66 4to	ÍB 495 4to	ÍB 359 8vo	ÍBR 77-79 4to
Lbs 89 fol	Lbs 51 4to	Lbs 457 4to	Lbs 872 4to	Lbs 1530 4to	Lbs 399 8vo	Lbs 1370 8vo	Lbs fragm 2	JS 168 4to	JS 73 8vo	ÍB 70 4to	ÍB 48 8vo	ÍB 378 8vo	ÍBR 86 4to
Lbs 90 fol	Lbs 52 4to	Lbs 476 4to	Lbs 873 4to	Lbs 1544 4to	Lbs 430 8vo	Lbs 1400 8vo	Lbs fragm 79	JS 171-172 4to	JS 76 8vo	ÍB 72 4to	ÍB 60 8vo	ÍB 380 8vo	ÍBR 113 4to
Lbs 110 fol	Lbs 55 4to	Lbs 492 4to	Lbs 890 4to	Lbs 1562 4to	Lbs 494 8vo	Lbs 1401 8vo	Lbs fragm 29	JS 173 4to	JS 110 8vo	ÍB 74 4to	ÍB 64 8vo	ÍB 404 8vo	ÍBR 117 4to
Lbs 183 fol	Lbs 56 4to	Lbs 493 4to	Lbs 927 4to	Lbs 1654 4to	Lbs 499 8vo	Lbs 1485 8vo	Lbs fragm. 14	JS 174 4to	JS 133 8vo	ÍB 101 4to	ÍB 65 8vo	ÍB 432 8vo	ÍBR 4 8vo
Lbs 186 fol	Lbs 57 4to	Lbs 495 4to	Lbs 965 4to	Lbs 1698 4to	Lbs 580 8vo	Lbs 1487 8vo	JS 1	JS 175-176 4to	JS 161 8vo	ÍB 107 4to	ÍB 67 8vo	ÍB 433 8vo	ÍBR 7-13 8vo
Lbs 188 fol	Lbs 58 4to	Lbs 498 4to	Lbs 978 4to	Lbs 1761 4to	Lbs 603-607 8vo	Lbs 1505 8vo	JS 4 fol	JS 186 4to	JS 204 8vo	ÍB 125 4to	ÍB 68 8vo	ÍB 433 8vo	ÍBR 7-13 8vo
Lbs 222 fol	Lbs 62 4to	Lbs 524 4to	Lbs 943 4to	Lbs 1980 4to	Lbs 608-613 8vo	Lbs 1527 8vo	JS 7 fol	JS 187 4to	JS 206 8vo	ÍB 125 4to	ÍB 68 8vo	ÍB 443 8vo	ÍBR 25 8vo
Lbs 228 fol	Lbs 63 4to	Lbs 527 4to	Lbs 905 4to	Lbs 1974 4to	Lbs 623 8vo	Lbs 1528 8vo	JS 12 fol	JS 187 4to	JS 232 4to	ÍB 169 4to	ÍB 113 8vo	ÍB 450 8vo	ÍBR 34 8vo
Lbs 229 fol	Lbs 65 4to	Lbs 564 4to	Lbs 1170 4to	Lbs 2177 4to	Lbs 625 8vo	Lbs 1562 8vo	JS 27 fol	JS 232 4to	JS 343 8vo	ÍB 174 4to	ÍB 114 8vo	ÍB 455 8vo	ÍBR 52 8vo
Lbs 235 fol	Lbs 66 4to	Lbs 646 4to	Lbs 1182 4to	Lbs 2638 4to	Lbs 644-645 8vo	Lbs 1568 8vo	JS 28 fol	JS 250 4to	JS 360 8vo	ÍB 190 4to	ÍB 120 8vo	ÍB 456 8vo	ÍBR 57 8vo
Lbs 236 fol	Lbs 67 4to	Lbs 715 4to	Lbs 1187 4to	Lbs 2675 4to	Lbs 670 8vo	Lbs 1589 8vo	JS 80 fol	JS 284 4to	JS 373 8vo	ÍB 211 4to	ÍB 122 8vo	ÍB 472 8vo	ÍBR 133 8vo
Lbs 237 fol	Lbs 68 4to	Lbs 739 4to	Lbs 1188 4to	Lbs 2676 4to	Lbs 694 8vo	Lbs 1601 8vo	JS 82 fol	JS 299 4to	JS 386 8vo	ÍB 214 4to	ÍB 141 8vo	ÍB 477 8vo	
Lbs 258 fol	Lbs 69 4to	Lbs 757 4to	Lbs 1189 4to	Lbs 2687 4to	Lbs 704 8vo	Lbs 1610 8vo	JS 85 fol	JS 304 4to	JS 400 8vo	ÍB 215 4to	ÍB 144 8vo	ÍB 500 8vo	
Lbs 260 fol	Lbs 71 4to	Lbs 787 4to	Lbs 1193 4to	Lbs 2691 4to	Lbs 708 8vo	Lbs 1676 8vo	JS 86 fol	JS 315 4to	JS 400 8vo	ÍB 216 4to	ÍB 168 8vo	ÍB 525 8vo	
Lbs 261-262 fol	Lbs 89 4to	Lbs 788 4to	Lbs 1199 4to	Lbs 2787 4to	Lbs 720 8vo	Lbs 1709 8vo	JS 112 fol	JS 318 4to	JS 451 8vo	ÍB 220 4to	ÍB 180 8vo	ÍB 646 8vo	
Lbs 272 fol	Lbs 91 4to	Lbs 789 4to	Lbs 1205 4to	Lbs 2799 4to	Lbs 735 8vo	Lbs 1710 8vo	JS 128 fol	JS 319 4to	JS 454 8vo	ÍB 225 4to	ÍB 198 8vo	ÍB 658 8vo	
Lbs 286 fol	Lbs 100 4to	Lbs 790 4to	Lbs 1235 4to	Lbs 3505 4to	Lbs 773 8vo	Lbs 1960 8vo	JS 166 fol	JS 327 4to	JS 470-519 8vo	ÍB 226 4to	ÍB 201 8vo	ÍB 660 8vo	
								JS 342 4to	JS fragm 4	ÍB 235 4to	ÍB 230 8vo	ÍB 686 8vo	




Titillblað JS 12 fol, Florilegium Historium. Sagnahandrit skrifað 1667 af Þórði Jónssyni fyrir Magnús Jónsson í Vigur.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Hólmfríður giftist 4. september 1636 Jóni Arasyni, yngri bróður nýlátins stjúpföður síns. Um sömu mundir og brúðkaup þeirra fór fram varð Jón prestur og prófastur í Vatnsfirði, áður var hann skólameistari í Skálholti. Í Skólameistarasögum Jóns Halldórssonar í Hítardal segir að hann hafi verið talinn „þóttamikill og sérgóður“ í því embætti.

Afabróðir Hólmfríðar, Gísli Einarsson, þjónaði í Vatnsfirði á undan Jóni. Jón fékk vonarbréf fyrir Vatnsfirði 1634 en vildi brauðið án tafar. 1635 fékk hann loforð fyrir Stað á Reykjanesi, sem skyldi verða skiptimynt fyrir Vatnsfjörð. Sýslumaðurinn og faðir Jóns, Ari Magnússon í Ögri, lét sóknarmenn í Vatnsfirði óska eftir syni hans til þjónustu og gaf þá Gísli upp brauðið. Séra Gísli þóttist kúgaður til skiptanna og reyndi að rifta þeim, en Gísli Oddson, biskup og bróðursonur nafna síns, miðlaði málum.

Sumarið 1636 var gengið frá skiptum Jóns og Gísla. Jón tók við staðnum 29. ágúst, sex dögum fyrir brúðkaup hans og Hólmfríðar. Hvort það hafi tengst Vatnsfjarðarfléttunni skal ósagt látið. Frá föður sínum fékk Jón fimm hundruð hundraða í föstu og lausu, m.a. Ögur, en Þórunn veitti dóttur sinni þrjú hundruð hundraða í föstu og lausu, þar á meðal 100 hundruð í silfri. Þetta var stórfé á þeirrar tíðar mælikvarða.



Síða úr Lbs 1528 8vo.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Hólmfríður og Jón eignuðust tólf börn og komust níu á legg. Í lífshistoríu Hólmfríðar í Lbs 1528 8vo segir svo af heilsufari Jóns og áhrifum þess á heimilishaldið:

„Nú svo sem guði þóknaðist upphaflega að prýða æfi þeirrar höfðingskvinnu með sinni krossfánu áður en hún inngækk hærri embætti strax á unga aldri, svo vildi hann líka þess sama ok henni með framtíðinni uppáleggja, þar á fjórða ári eftir fullkomnaðan hjúskap þessara höfðings hjóna, uppbyrjaðist hennar sæla göfuga ektamanns líkamans veikleiki, sem öngvan máta kunnir bera (með öðrum háembættis umsvifum) mæðusamar hússtjórnarinnar sýslanir, hvers vegna hún þær mestanpart hlaut uppá sig að taka, svo vel utan bæjar sem innan, hvað þó allt að afgekk með ágætri rósemd og guðrækilegu skikki þolinmóðlega. Þegar nú þessi höfðinglega matróna hafði með sínu ektahjarta verið að Vatnsfirði um 35 ár (með svo móti stjórnandi sem áður er sagt) þá þóknaðist drottni hennar mæðusamar krossraunir ennþá frammar að fjölga og burt frá líkamlegri sjón og umgengni til himneskrar æru að heimleiða þann göfuga guðsmann sr. Jón Arason hennar hjartkæran húsbónda, hvað er skeði á hennar 55. aldurs ári.“

Ári eftir að Jón lést, 1674, flutti Hólmfríður að Hólum með tvö yngstu börnin, Önnu og Ara, þar sem Ragnheiður dóttir hennar var nýorðin biskupsfrú. Frá 1688 bjó hún að Laufási hjá Helgu dóttur sinni þar til hún lést, 75 ára gömul. Frá andláti hennar segir í lífshistoríunni:

„Nú þann seinasta dag þessa umliðna vetrar, að byrjaðist hennar banasótt, með líknsamlegu móti á allan hátt fyrir mannanna augliti hélt hún svo við vængina til þess fyrsta sunnudags í sumar, á hverjum veikleikinn tók nokkuð að aukast. Skeði þá þetta merkilegt um morguninn árdegis, að hún (verandi á milli svefns og vöku) þóttist sjá einn mann hjá sér standanda, sem til hennar talaði þessum orðum: Hólmfríður mín, þú átt nú ekki að lifa lengur. Hvað vér (sem nú er komið) maklega ráðum skeð vera af sérdeilislegum vilja drottins, honum henni um sína dauðastund ávísað hafi fyrir heilagan engil, svo sem fyrri þeim loflega Danmerkur kóngi Christian (sællar minningar). Af þessu er auðséð hversu guði almáttugum hafi kær verið þessi höfðingskvinna.

[...]

Næsta dag hér eftir (sem var laugardagurinn) virtist veikleikinn með hægasta móti, allt til kvölds. Þar eftir um nóttina og næstkomandi tvö dægur nokkuð þyngri, að hverju útstöðnu mér og öðrum nærstöddum virtist henni mjög svo meinahægt allt í sitt andlát, hvert henni að höndum kom á mánudaginn sem var sá 25. apríl þessa árs 1692 um miðdegis skeið. Er svo þessi oftnefnda ærugöfuga matróna útaf sofnuð í síns endurlausnara Jesú friðar og miskunnar faðmi.“




Málverk af Hólmfríði Sigurðardóttur eftir sr. Jón Guðmundsson á Felli frá ofanverðri 17. öld. Varðveitt í Þjóðminjasafni.

Til er þessi frásögn af Hólmfríði eftir Grunnavíkur-Jón:

„Það var sú sem lét færa sér utan gylltan lit til hárs síns, að sagt er, og einhverja vinnukonu þvo sér ef hún tók á nokkru óhreinu, og sú er sagði: „mun ég þá verða að segja æ?“ þá hún fann sig fyrst þungaða. Af þessu fólki var nefnd Vatnsfjarðardrambsemin.“

Magnús digri Jónsson (1637-1702)



Titillíð Lbs 235 fol. Sturlunga saga skrifuð að tilsjón og forlagi virðulegs höfðingja Magnúsar Jónssonar að Vigur árið 1683.

Elsti sonur Vatnsfjarðarhjonanna var ekki mikill námsmaður. En það stöðvaði hann ekki við fræðaiðkanir – fimmtán ára skrifaði hann sitt fyrsta handrit, þrjár riddarasögur. Þar hófst ferill sem eftir hefur verið tekið, því heimili hans í Vigur í Ísafjarðardjúpi hefur verið kallað handrita-fabrikka.

Fyrri kona hans var Ástríður Jónsdóttir og Sesselja Sæmundsdóttir sú síðari. Með Ástríði átti hann dæturnar Þorbjörgu og Kristínu. Þorbjörg giftist Páli Vídalín, samstarfsmanni Árna Magnússonar við gerð jarðabókar, manntals og kvikfjártals. Kristín var móðir sr. Magnúsar prófests á Söndum, föður Þórkötlu, móður Þórdísar, móður Jóns Sigurðssonar forseta.

Eftirfarandi handrit eru varðveitt í Handritasafni Landsbókasafns og vitað er að Magnús skrifaði eða lét skrifa.

JS 148 4to. 255 blöð. Vísitásiúbækur biskupanna Vilchins og Gísla Jónssonar.

ÍBR 5-6 fol. 362 + 300 bls. 18 sögur, skrifaðar 1680 með hendi Magnúsar sjálfs.

Lbs 235 fol. 296 blöð. Sturlunga saga skrifuð að forlagi Magnúsar Jónssonar 1683.

JS 43 4to. 195 blöð, en hafa verið fleiri. Sögubók „samantekin af virðulegum höfðingsmanni Magnúsi Jónssyni að Vigur“.

JS 583, 4to. 210 blöð. Kvæðabók „samanhent og aðregin af ... Magnúsi Jónssyni á Vigur“. Kvæðin eru m.a. eftir sr. Einar Sigurðsson (langalangafa Magnúsar), sr. Gísla Oddsson (afabróður Magnúsar), sr. Jón Arason (föður Magnúsar) og Odd Einarsson biskup (langafa Magnúsar).

JS 12 fol. 165 blöð. Sögubók, Florilegium Historicum. Skrifuð 1667 fyrir Magnús Jónsson.

Ragnheiður yngri Jónsdóttir (1646-1715)

Ragnheiður var þriðja kona Gísla Þorlákssonar Hólabiskups, þau gengu í hjónaband 1674. Þau voru þremmenningar að skyldleika. Gísli lést eftir 10 ára hjónaband og eignuðust þau ekki börn. Þá flutti hún til Grafar á Höfðaströnd þar til hún giftist Einari Þorsteinssyni Hólabiskupi árið 1696.

Ragnheiður nam hannyrðir af móður sinni, en hún gerði t.a.m. ísaumaðan altarisdúk og gaf kirkjunni í Vatnsfirði. Uppeldið hefur einnig litast af þýðingu föður hennar á kennsluritinu Dygdaspegil eður ein nytsamleg undirvísun fyrir allar guðhræddar meyj-ar. Ragnheiður stundaði hannyrðir af listfengi, var að því kveðið í brúðkaupskvæði á latínu sem samið var til hennar og Einars Þorsteinssonar biskups og varðveitt er í Lbs 1298 4to. Þar segir frá útsaumi hennar og að hún hafi beitt frýgverskri saumnál. Trója var borg í Frýgiu og lýsir samlíkingin því kostum hannyrða hennar á lærðan hátt. Ragnheiður og handverk hennar prýðir 5.000 kr. seðilinn.

Ragnheiður átti fjölda handrita og hélt skrifara. Þá rak hún stúlknskóla að Gröf. Átta handrit úr hennar fórum eru varðveitt á söfnum, tvö þeirra eru á handritasafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, kvæðabókin Lbs 1205 4to og Lbs 1528 8vo sem inniheldur líkræðu og erfikvæði um Hólmsfríði móður hennar.



Mynd Ragnheiðar prýðir 5.000 kr. seðilinn. Á honum má einnig sjá mynstur tekin úr sjónabók hennar og varðveittum útsaumsverkum. Hönnun: Kristín Þorkelsdóttir.